**Nd.** **119. Breytingartillögur**

við frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:
   eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. gr. að minsta kosti í 24 mánuði.

2. Við 4. gr. A eftir orðunum »samkvæmt 3. gr.« komi:
   eða stundað vjelgæslu að minsta kosti í 24 mánuði á skipi með 10—50 hestafla vjel.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sama rjett hefir einnig sá, er verið hefir 30 mánuði eða lengur 1. vjelgæslumaður á skipi með 50—150 hestafla vjel.

4. Við 7. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 1 ár eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.